



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. júní 2020.

Umsögn KPMG ehf. um „frumvarp til laga breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997 (mótframlagslán)“, á þingskjali 1490 – 843. mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 30. maí 2020 er KPMG ehf. gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. KPMG hefur kynnt sér frumvarpið og sér ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum varðandi áhrif frumvarpsins sem mikilvægt er að huga að.

Áður en vikið er að ábendingunum vill KPMG lýsa yfir mikilli ánægju með þá sérstöku áherslu sem lögð er á að efla nýsköpun og það markmið að tryggja eigi rekstrargrundvöll sprota- og nýsköpunarfyrirtækja hér á landi.

1. Mótframlagslán í formi breytanlegra skuldabréfa

Í 3. kafla greinargerðar frumvarpsins, sem fjallar um meginefni þess, segir að mótframlagslánin verði „í formi breytanlegra skuldabréfa og veitt til skamms tíma.“ Framar í sama kafla greinargerðar frumvarpsins segir jafnframt að það sé meginforsenda mótframlagslána að:

„fjárfestir sé tilbúinn til að veita fyrirtækinu fjármögnun og gert er ráð fyrir að lánsfjárhæð, lánstími og önnur kjör mótframlagslánsins verði þau sömu og fjárfestirinn er tilbúinn að veita fyrirtækinu. Með þessu er tryggt að mótframlagslánin verði veitt á markaðskjörum en þó verður kveðið á um ákveðin lágmarkskjör sem mótframlagslán verða veitt á ef einkafjármögnun reynist á sérstaklega góðum kjörum sem endurspeglar ekki markaðsforsendur.“

Hvaða áhrif framangreind skilyrði og takmarkanir munu hafa eru óljós. Það má hins vegar hæglega draga þá ályktun að þau nýsköpunarfélög sem hyggjast sækja um mótframlagslán þurfi, ætli þau sér að fá slík lán, að hafa vilyrði fjárfesta um að þeir muni „veita fyrirtækinu fjármögnun“. Það sem meira er að sú fjármögnun verði í formi lána enda beinlínis gert ráð fyrir að kjör mótframlagslánanna séu þau sömu og fjárfestar eru tilbúnir til að veita fyrirtækinu. Þessi ályktun er dregin vegna þess að það verður að teljast fremur langsótt að fjárfestar séu tilbúnir til að fjárfesta í hlutafé í sprota- og nýsköpunarfélagi á sama tíma og félagið aflar sér fjármögnunar í formi mótframlagsláns, einkum þar sem lánskjörin verða að vera „þau sömu og fjárfestirinn er tilbúinn til að veita fyrirtækinu“.

Þannig verður að teljast líklegast að þau félög sem hyggjast fjármagna sig með mótframlagslánunum muni fara í útgáfu á breytanlegum skuldabréfum, sem fjármögnuð verða annars vegar með mótframlagslánunum og hins vegar fjármagni frá fjárfestum. Sú staðreynd að mótframlagslánin verði í formi lána með breytirétti í hlutafé vekur upp áleitinn álitamál um áhrif slíkra lána á sprota- og nýsköpunarfélög.

2. Áhrif breytanlegra skuldabréfa á sprota- og nýsköpunarfélög

Það hefur lengi verið vandkvæðum bundið fyrir sprota- og nýsköpunarfélög að gefa út breytanleg skuldabréf, þrátt fyrir ótvíræða kosti þeirra sem fjármögnunarleið. Ástæðurnar eru einkum tvær:

- a) Skattaleg áhrif við umbreytingu breytanlegra skuldabréfa
- b) Áhrif á styrkhæfi

Í eftirfarandi tveimur undirköflum verður þessum vandkvæðum gerð nánari skil.

2.1. Skattaleg áhrif við umbreytingu breytanlegra skuldabréfa

Fyrri atriðið sem KPMG vill benda á og telur mikilvægt að hugað sé vel að í tengslum við útfærslu á móttframlagslánunum er skattaleg áhrif þeirra. Hér að framan höfum við dregið þá ályktun að í ljósi þess að móttframlagslánin verði veitt í formi breytanlegra skuldabréfa á sömu kjörum og fjárfestar eru tilbúnir til að veita viðkomandi fyrirtæki muni það hafa þau áhrif að félögin sem hyggjast sækja um móttframlagslán muni einnig gefa út breytanleg skuldabréf til þeirra fjárfesta sem veitt hafa vilyrði fyrir fjármögnun.

Það eitt og sér er kannski ekki mikið áhyggjuefni enda breytanleg skuldabréf góð og gild leið fyrir sprota- og nýsköpunarfélög til að fjármagna sig. Hér á landi hefur hins vegar ríkt ákveðin lagaóvissa um skattalega meðferð breytanlegra skuldabréfa. Í tekjuskattslögum nr. 90/2003 var að finna útrunnið bráðabirgðaákvæði um skattalega meðferð breytanlegra skuldabréfa, sem skattyfirvöld töldu gilt þrátt fyrir að gildistími þess væri útrunninn. Þeirri óvissu var hins vegar eytt nýverið, með lögum um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (freakari aðgerðir) nr. 37/2020, þar sem Alþingi lögfesti áður nefnt bráðabirgðaákvæði sem lagaóvissan hafði ríkt um. Í því fólst að eftirfarandi lagaákvæði var lögfest og gildir nú um breytingu krafna í hlutafé:

„Þegar kröfu er breytt í hlutafé í hinu skuldsetta félagi í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar. Aðilar geta samið um niðurfellingu á hluta kröfunnar áður en slík greiðsla með hlutafé er innt af hendi. Sé skipt á kröfu og hlutafé skal fara fram mat á verðmæti hlutafjárins og skal matsverðið miðast við þann dag þegar skiptin eiga sér stað. Skuldara ber að tekiufæra mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar. Kröfuhafa ber eftir atvikum að tekiufæra eða gjaldfæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hlutafjárins. Mat á verðmæti hlutafjár skal unnið af óháðum matsaðila þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram á milli eignatengdra aðila.

Við eftirgjöf skulda er kröfuhafa skylt að varðveita öll gögn sem forsendur eftirgjafarinnar byggjast á þannig að unnt verði að sinna upplýsingaskyldu skv. 92. gr. Upplýsingar skulu veittar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.“

Það sem framangreint ákvæði hefur í för með sér er:

1. Í fyrsta lagi mun þurfa að fara fram mat á verðmæti hlutafjárins í sprota- og nýsköpunarfélaginu þegar breyta á móttframlagslánunum (og öðrum breytanlegum skuldabréfum) í hlutafé í lántakanum. Það getur verið bæði kostnaðarsamt og tímafrekt fyrir sprota- og nýsköpunarfélög að standa í slíku verðmati. Eins getur verið erfitt að framkvæma slíkt verðmat þegar óvíst er hvers virði hlutaféð er.
2. Í öðru lagi, þegar virði hlutafjárins liggur fyrir, þurfa aðilar að meta hvort mismunur sé á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar. Ef slíkur mismunur er til staðar þá hefur það eftirfarandi skattalegar afleiðingar í för með sér:
 - 2.1. Lántaki tekjufærir hjá sér mismuninn á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar. Til að mynda ef breytirétturinn samkvæmt breytanlegu skuldabréfunum veitir fjárfestunum tiltekinn afslátt.
 - 2.2. Fjárfestarnir tekjufæra hjá sér mismuninni ef þeim er veittur afsláttur, annars þurfa þeir eftir atvikum að gjaldfæra hjá sér mismuninn ef svo ber undir.

Hér er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga:

- Skattaleg áhrif umbreytinga á breytanlegum skuldabréfum í hlutafé í sprota- og nýsköpunarfélögum hefur þau áhrif að tilgangur þeirra og markmið um að fá fjármagn að félögum strax næst ekki enda

fráhrindandi fyrir fjárfesta að horfa fram á að sæta skattlagningu við umbreytingu á kröfum í hlutafé þegar þeir hafa ekki selt nein hlutabréf.

- Þegar sprota- og nýsköpunarfélög standa frammi fyrir áskorunum nú gagnvart fjármögnun er mikilvægt að þau geti fengið fjárfesta til að fjármagna sig gegn t.d. afslætti eða ívilnun við næstu fjármögnun, án þess þó að sæta skattlagningu á þeim tímapunkti, enda hafi fjárfestarnir þá ekki selt bréf með hagnaði. Þvert á móti er fjárfestirinn á þeim tímapunkti að taka ákvörðun um að breyta kröfum sínum í hlutafé í sprota- og nýsköpunarfélagi. Þá er mikilvægt fjárfestum, þ.e. félögum, sé veitt heimild til að fresta þeirri skattlagningu fram að þeim tíma er hlutabréfin eru seld. Nú gildir sú frestun einungis fyrir einstaklinga sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

2.2. Áhrif á styrkhæfi

Hitt atriðið sem KPMG telur mikilvægt að hugað sé vel að við útfærslu á mótframlagslánunum er áhrif þeirra á nýtingu á öðrum úrræðum sem í boði eru, t.d. samkvæmt lögum nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og fyrirtækjastyrkjum Tækniþróunarsjóðs.

Með lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, er nýsköpunarfyrirtækjum sem eru eigendur að rannsóknar- og þróunarverkefnum með staðfestingu Rannís veittur réttur til opinbers stuðnings í formi skattfrádráttar eða styrks. Eitt af þeim skilyrðum sem félög þurfa að uppfylla er að þau mega ekki eiga í fjárhagsvanda sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, er nánar vikið að því hvenær fyrirtæki telst eiga í fjárhagsvanda.

Í reglum og leiðbeiningum til umsækjanda styrkja Tækniþróunarsjóðs, s.s. fyrirtækjastyrkjanna Fræ, Sproti og Vöxtur, má síðan finna skilyrði sem félög þurfa að uppfylla svo þau geti sótt um þá styrki. Þar er að finna hin ýmsu skilyrði sem ekki eru ólík þeim sem að framan er vikið að. Þannig er algengt að fyrirtæki þurfi að sýna fram á að þau séu ekki illa stödd, t.a.m. með því að sanna að eigið fé þeirra sé ekki neikvætt.

Hér er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga:

- Útgáfa breytanlegra skuldabréfa getur haft þau áhrif að eigið fé sprota- og nýsköpunarfélaga verði neikvætt um áramót, að því gefnu að breytanlegu skuldabréfunum hafi þá ekki verið breytt í hlutafé.
- Neikvætt eigið fé kann að hafa þau áhrif að umrædd fyrirtæki séu ekki styrkhæf, hvorki samkvæmt lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki né til þeirra styrkja sem Tækniþróunarsjóður veitir.

3. Niðurlag

Með vísan til framangreinds telur KPMG mikilvægt að koma eftirfarandi á framfæri:

- Mikilvægt er að mótframlagslánin verði vel útfærð m.t.t. þeirra skattalegu áhrifa sem umbreyting þeirra í hlutafé kann að hafa í för með sér. Útfæra þarf vel við hvaða aðstæður kröfurnar munu breytast í hlutafé, ákvæðin í samningum um það séu skýr o.s.frv.
- Mikilvægt er að mótframlagslánin verði vel útfærð m.t.t. áhrifa þeirra á eigið fé lántaka og framtíðar möguleika hans til að sækja um önnur úrræði sem í boði eru, þ.m.t. vegna rannsóknar- og þróunar skv. lögum nr. 152/2009 og styrkja Tækniþróunarsjóðs.
- Eitt af því sem taka mætti til athugunar er hvort mótframlagslánin ættu að vera ígildi eigin fjár, t.a.m. víkjandi skuldabréfalán, sem myndu gefa lántökum heimild til að fara með þau sem annað innborgað eigið fé í ársreikningum. Slíkt ætti hafa jákvæð áhrif á eigin fé þeirra fyrirtækja sem fá mótframlagslán.



Virðingarfyllst,

F.h. KPMG ehf.,

Soffía Eydís Björgvinsdóttir